

Fimmtudaginn 23. febrúar 1995.

Nr. 445/1994.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Hilmari Ólasyni

(Jón Magnússon hrl.)

Fjársvik. Tékkamisferli. Skilorð. Saksóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 11. október 1994. Krefst ákærði sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, og verði hún skilorðsbundin.

Ákærvaldið krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, og jafnframt er krafist þyngingar á refsingu. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði, þar á meðal saksóknarkostnaðar til jafns málsvarnarlaunum, svo og til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans, að því er varðar sakfellingu ákærða. Eru brot hans réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Brot ákærða eru veruleg, og hann hefur ekki bætt tjón, sem af þeim hefur leitt, nema að hluta. Verður refsing ákærða ákveðin með vísan til 1. tl. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest. Þegar til þess er litið, að ákærða hefur ekki áður verið gert að sæta refsingu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, þykir eftir atvikum rétt, að fullnustu 8 mánaða af þeirri refsingu verði frestað skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dóms þessa.

Með hliðsjón af 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 þykja ekki efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Ber

því að dæma ákærða til greiðslu 35.000 króna í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að ekki var tilefni til að vísa bótakröfu ÁTVR frá dómi með þeim röksemdum, sem tilfærðar eru í héraðsdómi. Sá þáttur málsins er hins vegar ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Hilmar Ólason, sæti fangelsi í 10 mánuði. Fresta skal fullnustu 8 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærði skal greiða 35.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. september 1994.

Ár 1994, föstudaginn 9. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 536/1994: Ákærvaldið gegn Sigurði Hilmarí Ólasyni, sem tekið var til dóms 6. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. ágúst sl., á hendur ákærða, Sigurði Hilmarí Ólasyni, áður að Álflheimum 42 í Reykjavík, nú að Ásabraut 25 á Raufarhöfn, fæddum 17. ágúst 1955, fæðingarnúmer 396.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkasvik og aðra tékkamisnotkun með því að hafa á árunum 1992 og 1993 gefið út og notað í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík með eftirgreindum hætti fjóra tékka á reikning fyrirtækis síns, Laugakaffi hf., nr. 1220 í Búnaðarbanka Íslands, bankanúmer 0303, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, og honum lokað 3. desember 1993:

1. Nr. 2088617, kr. 220.000, dags. 8/12 1992. Geymslutékki, notaður til bjórinnkaupa hjá Viking-brugg við Köllunarklettsveg.

2. Nr. 2119372, kr. 865.236, dags. 19/11 1983, til ÁTVR.

3. Nr. 2119373, kr. 961.150, dags. 25/11 1993, til sama.

4. Nr. 2119374, kr. 1.008.783, dags. 3/12 1993, til sama. Þessir þrír tékkar notaðir til áfengiskaupa fyrir nefnt fyrirtæki ákærða hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvað varðar útgáfu og notkun tékka, sem lýst er í töluliðum 2–4, en við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, hvað varðar tékka í tölulið 1.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar krefjast skaðabóta úr hendi ákærða:

1. Garðar Briem hdl., kr. 357.386 ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 27/4 1994 til greiðsludags.

2. Ingólfur Friðjónsson hdl., f. h. ÁTVR, kr. 1.439.864“.

Ákærði kveðst telja sig saklausan af lögbrotum með útgáfu þeirra fjögurra tékka, sem gerð er grein fyrir í ákæru, en ákærði kannast við að hafa gefið þá alla út sjálfur sem prókúruhafi fyrir fyrirtækið Laugakaffi hf., sem enn starfar vegna uppgjors á skuldum fyrirtækisins, en hefur engan rekstur með höndum.

Ákærði kannast við að hafa gefið út tékka þann, að fjárhæð 220.000 krónur, sem gerð er grein fyrir í 1. lið ákæru, og notað hann til bjórkaupa fyrir Laugakaffi hf. hjá Viking-brugg við Köllunarklettsveg í Reykjavík, en tékkann skyldi geyma og framvísa síðar, en innstæða var ekki fyrir honum, þegar tékkinn var sýndur til greiðslu í bankanum. Telur ákærði, að tékkinn hafi verið sýndur til greiðslu á einhverjum öðrum degi en dagsettum útgáfudegi. Tékkinn er ógreiddur.

Ákærði kannast einnig við að hafa gefið út og notað þá þrjá tékka, að fjárhæð 865.236 krónur, 961.150 krónur og 1.008.783 krónur, sem gerð er grein fyrir í 2.–4. lið ákæru, en tékkana notaði ákærði alla þrjá á skráðum útgáfudögum þeirra til áfengiskaupa fyrir Laugakaffi hf. hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ákærði segir, að samkvæmt viðskiptaháttum við það fyrirtæki hafi tékkarnir ekki átt að koma til greiðslu í bankanum fyrr en á mánudegi eða þriðjudegi næst á eftir skráðum útgáfudegi. Svo virðist sem ekki hafi verið til fyrir tékkunum, þegar þeim var framvísað í banka, hverjum um sig. Ákærði lítur svo á, að ekki hafi verið um staðgreiðsluviðskipti að ræða við áfengiskaupin.

Ákærði er stjórnarformaður og eini prókúruhafi Laugakaffis hf., sem rak Hressingarskálann og veitingastaðinn Berlín. Gaf hann alla tékkana fjóra

út í nafni þess fyrirtækis. Ákærði hefur greitt 1.800.000 krónur upp í andvirði tékkanna.

Ákærði telur fulla vitneskju um það hjá gjaldkera ÁTVR, að ekki sé til fyrir út gefnum tékkum veitingastaða á föstudögum, þegar innkaup eru gerð. Hann segir, að eftir að upp kom um innstæduleysi framangreindra þriggja tékka, hafi tékkareikningnum verið lokað og ákærði ekki fengið áfengi keypt með öðrum hætti en þeim að greiða í peningum eða með tékkum, út gefnum af bönkum, og lítur ákærði á það sem staðgreiðsluviðskipti andstætt því, sem var um viðskiptin, sem lágu að baki útgáfu tékkanna þriggja.

Ákærði mótmælir kröfu Garðars Briem sem of hárrí og vekur athygli á því, að hann sé með mál í gangi á hendur Laugakaffi hf., þar sem umræddur tékki kunni að vera innifalinn. Ákærði mótmælir kröfunni eindregið, þar sem Laugakaffi sé skuldarinn. Þá mótmælir ákærði bótakröfu Ingólfs Friðjónssonar hrl. og krefst frávisunar á henni, þar sem þegar hafi verið gerð aðfararhæf sátt vegna sömu skuldar við Laugakaffi hf. Enn fremur tilgreinir ákærði sem ástæðu fyrir frávisunarkröfu sinni, að samkomulag hafi upphaflega verið gert beint við ÁTVR, sem var að fullu staðið við að mati ákærða, en vegna þrýstings og hótana lögmannsins hafi ákærði ekki séð sér kleift að standa við umrætt samkomulag. Loks telur ákærði sig ekki bera persónulega ábyrgð á tékkunum þremur.

Ákærði telur möguleika á því, að Laugakaffi geti borgað eftirstöðvar tékkanna þriggja, sem ÁTVR á, og tékkann í 1. lið ákeru. Engin aðför hefur verið gerð hjá fyrirtækinu vegna skuldanna, sem stofnast hafa vegna tékkanna fjögurra.

Ákærði kveðst hafa rekið framangreind fyrirtæki í veitingarekstri í þrjú ár, en rekstrinum lauk upp úr síðustu áramótum. Telur ákærði sig hafa keypt áfengi fyrir hverja helgi þennan tíma með sama hætti og fyrirkomulagi.

Ákærði telur, að innstæða hafi verið fyrir tékknum í 1. lið í mörg skipti eftir það skipti, sem honum var framvísað án innstæðu, og var reikningurinn opin í eitt ár eftir útgáfu tékkans. Telur ákærði, að veltan á reikningnum hafi verið um eða yfir 30.000.000 á ári.

Ákærði staðfestir, að útgáfudagsetningar tékkanna til ÁTVR séu réttar og ekki hafi verið beðið um geymslu þeirra eða hafður fyrirvari við útgáfu þeirra. Byggðist þetta á því, sem ákærði hefur áður sagt um viðskipti sín við ÁTVR.

Vitnið Sigríður Valdís Sörensdóttir, Furugrund 70 í Kópavogi, kveðst vera gjaldkeri í söludeild ÁTVR og hafa starfað þar við þau störf í um fjög-

ur ár. Vitnið sér um að afhenda reikninga og taka á móti greiðslum frá veitingahúsum og tóbakssölum.

Vitnið lýsir viðskiptum við Laugakaffi með þeim hætti, að pantað hafi verið á fimtudögum, varan sótt á föstudögum og greidd með tékka, sem lagður var í banka á mánudegi næst á eftir. Væri tékki ekki lagður inn fyrir en á þriðjudegi, var það með leyfi yfirmanna vitnisins. Vitnið segir, að einstöku sinnum hafi það komið fyrir, að menn skiluðu inn áfengi á mánudögum, og var þá gefinn út nýr tékki lægri fjárhæðar, en ef tékkinn frá viðkomandi kaupanda var farinn í bankann, fékk hann til baka mismuninn í tékka á bankastofnun sína. Kannað var á þriðjudögum að jafnaði, hvort innstæða hefði verið fyrir tékkum, sem afhentir voru á mánudögum í bankann, og fyrir kom, að þeir væru án nægrar innstæðu. Vitnið segir, að oft hafi komið fyrir, að tékkar frá Laugakaffi væru án nægrar innstæðu, þegar þeim var framvísað í banka. Kæmist málið í lag fyrir næstu úttekt, var aftur tekinn tékki frá fyrirtækinu. Væri ekki búið að kippa málinu í lag, var leitað eftir samþykki yfirmanna fyrir næstu úttekt eða krafist peningagreiðslu fyrir úttektinni.

Vitnið segir, að viðskiptin, sem lágu að baki útgáfu tékkanna þriggja, er mál þetta fjallar um, hafi verið staðgreiðsluviðskipti, en ekki lánsviðskipti við Laugakaffi hf. Vitnið segir, að reikningarnir, sem liggja að baki útgáfu tékkanna þriggja, beri það með sér, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða. Hefði svo ekki verið, hefði staðið á þeim, að um lánsviðskipti væri að ræða.

Ákærði hefur viðurkennt útgáfu allra tékkanna fjögurra, sem mál þetta fjallar um, og staðfest, að notkun þeirra sé rétt lýst í ákæru. Þá hefur hann staðfest, að ekki hafi verið innstæða fyrir tékkunum, þegar þeim var framvísað í banka til greiðslu. Ákærði hefur greitt 1.800.000 krónur upp í fjárhæðir tékkanna í liðum 2–4, en tékkinn í lið 1 er ógreiddur. Ákærði heldur því fram, að um lánsviðskipti hafi verið að ræða hjá ÁTVR.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði gaf út alla fjóra tékkana, sem um ræðir í ákæru, og notaði þá eins og þar er lýst, og að þeir voru allir innstæðulausir við sýningu í banka.

Á reikningum frá ÁTVR vegna viðskiptanna, sem liggja að baki útgáfu tékkanna í liðum 2–4, stendur, að um staðgreiðsluviðskipti sé að ræða. Þetta hefur einnig vitnið Sigríður Valdís staðfest. Það eitt, að venjan hafi verið sú, að tékkum frá föstudögum hafi ekki verið framvísað í banka fyrir en á mánudögum eða þriðjudögum, breytir í engu því, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða, enda eru það viðskiptin, en ekki ákvörðun síð-

ar um framvísun greiðslutékka í banka, sem ráða því, hvers eðlis viðskipti eru. Eru brot ákærða því rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fjórum sinnum gengist undir að greiða sekt fyrir brot á umferðarlögum, árin 1980, 1984, 1990 og 1991. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og því, að brot ákærða eru stórfelld, hann hefur ekki bætt fyrir þau að fullu né sýnt vilja til þess að samþykkja bótakröfur, sem uppi eru hafðar í málinu á hendur honum persónulega vegna refsiverðrar háttsemi hans. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði, en eftir atvikum þykir mega ákveða, þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið refsisdóm, að fresta skuli fullnustu 7 mánaða af refsingunni og niður skuli sá hluti hennar falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Áður er gerð grein fyrir ástæðum þess, að ákærði vill ekki samþykkja fram komnar skaðabótakröfur og verjandi hans krefst frávísunar þeirra.

Krafan vegna tékkans í lið 1 er um höfuðstól tékkans, dráttarvexti til 27. apríl sl., 53.652 krónur, málskostnað 32.202 krónur, fjárnámskostnað 2.828 krónur, kostnað vegna fjárnáms 13.435 krónur, kostnað vegna greiðslu-áskorunar 1.000 krónur, þinglýsingar- og stimpilgjald 2.828 krónur, uppboðsbeiðni sama fjárhæð, kostnað vegna uppboðs 17.484 krónur og loks vexti af kostnaði 6.124 krónur, samtals 357.386 (?) krónur, auk áfallandi dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Engin gögn fylgja kröfu þessari um það, að bótakrefjandinn hafi innt af hendi þær greiðslur, sem hann krefst, auk höfuðstóls og dráttarvaxta. Þykir því bera að vísa öllum þessum kröfuleiðum frá dóminum, en þar sem ákærði er sakfelldur fyrir refsiverða útgáfu tékkans, ber að dæma hann til þess að greiða höfuðstól hans, 220.000 krónur. Svo virðist sem dráttarvaxtakrafan, að fjárhæð 53.652 krónur, sé miðuð við sýningardag tékkans í banka, en hann var sýndur þar 11. desember 1992. Þykir rétt að dæma um dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Krafa Ingólfs Friðjónssonar hdl., sem gerð er grein fyrir í ákæru, er dagsett 11. apríl sl. og er um höfuðstól tékkanna þriggja, 2.835.174 krónur, auk málskostnaðar og dráttarvaxta, sem var miðuð við þennan dag, 1.404.819 krónur, þegar frá höfðu verið dregnar 1.800.000 krónur, er ákærði hafði greitt upp í skuldina, sem var samkvæmt aðfararhæfi dómsátt, sem gerð var 4. mars sl. í dóminum við Laugakaffi hf. vegna framangreindrar skulda-kröfu. Þessar eftirstöðvar voru samkvæmt útreikningum lögmannsins

1.439.864 krónur 23. júní sl., og er það sú fjárhæð, sem tilgreind er í ákæru. Engin aðför hefur verið gerð hjá fyrirtækinu vegna sáttarinnar, og ákærði telur möguleika á því, að Laugakaffi hf. geti borgað eftirstöðvar skuldarinnar. Þegar þetta er virt, þykir ekki rétt, þar sem fyrir hendi er aðfararhæf sátt, er ekki hefur reynt á, að dæma um kröfuna á þessu stigi, þótt ljóst sé, að ákærði ber persónulega ábyrgð á bótum vegna útgáfu tékkanna, þar sem hann hefur valdið því tjóni, sem bótakrafan er reist á, með refsiverðum hætti. Samkvæmt framansögðu verður bótakröfu Ingólfs Friðjónssonar hrl. vegna ÁTVR þó vísað frá dóminum í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 35.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Jón Erlendsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákærvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hilmar Ólason, sæti fangelsi í 10 mánuði, en fresta skal fullnustu 7 mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Garðari Briem héraðsdómslögmanni 220.000 krónur í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 11. desember 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 35.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.